



Sælir kæru sveitarstjórar

Líkt og ég lofaði ykkur legg ég hér fram tillögu af hálfu Bjarmahlíðar um framlag sveitarfélaga í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra fyrir rekstri þolendamiðstöðvarinnar fyrir árið 2025.

Við leggjum til þrískipt framlag, sveitarfélög undir 1000 íbúum myndi einn flokkinn, sveitarfélög með 1000-5000 myndi næsta og svo sveitarfélög með 15.000 íbúa eða fleiri.

Við leggjum til eftirfarandi skiptingu:

Undir 1000 íbúum	:	200.000.- kr.
1000-5000 íbúar	:	600.000.- kr.
Yfir 15.000 íbúar	:	5.000.000.- kr.

Líkt og þið sjáið á neðangreindri töflu leggjum við til að framlag Akureyrarbæjar í formi húsnæðis og framlag starfsmanns í framkvæmdaráði verði dregið frá út reiknuðu framlagi.

Ef fallist verður á þetta þá lítur þetta svona út sem myndi þýða að Bjarmahlíð fengi 6 milljónir til rekstrar. Það er gríðarlega mikilvægt líkt og ég hef útskýrt fyrir ykkur og myndi tryggja starfsmann í 50% starf svo að hægt sé að tryggja öryggi og samfellu í starfseminni enda starfsemi með einum starfsmanni afar veikburða.

	Sveitarfélag	Framlag	framlag í formi húsnæðis ofl.	til greiðslu 2025
1.	Akureyrarbær	5.000.000	3.000.000	2.000.000
2.	Dalvíkurbyggð	600.000		600.000
3.	Eyjafjarðarsveit	600.000		600.000
4.	Fjallabyggð	600.000		600.000
5.	Norðurþing	600.000		600.000
6.	Þingeyjarsveit	600.000		600.000
7.	Grýtubakkahreppur	200.000		200.000
8.	Hörgársveit	200.000		200.000
9.	Langanesbyggð	200.000		200.000
10.	Svalbarðsstrandahreppur	200.000		200.000
11.	Tjörneshreppur	200.000		200.000
	Samtals:	9.000.000		6.000.000

Ég vona að þið getið tekið tillit til þessa við fjárlagavinnu fyrir næsta ár.

Ef þið viljið ræða þetta frekar getum við tekið teams fund um þetta eða samtal.

Bestu kveðjur, Páley

Páley Borgþórsdóttir

Lögreglustjóri

